

149 Þakkir fyrir lausnargjaldið (Lúkas 22:20)

1. Við stöndum, Jehóva,
þér frammi fyrir nú
og við fögnum kærleik þeim
sem að auðsýndir þú.
Þú gafst þinn einkason
svo endurheimtum líf
og þessi fórn er besta gjöf
því hún veitir hlíf.

(VIÐLAG)

*Hann okkur frelsar dauða frá.
Dýrmæta fórnin brúar gjá.
Af öllu hjarta
hátíðlega þökk við viljum tjá.*

2. Það var af gæsku
sem hann færði þessa fórn,
knúinn fúsleik gaf hann líf sitt
og studdi Guðs stjórn.
Án allrar vonar mannkyn var,
þá birtist hann.
Nú erum vongóð
því á dauðanum Jesús vann.

(Viðlag)